

## Útdráttur

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara því hvort fyrirhugaðar breytingar á 194.-196. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940<sup>1</sup> teljist fullnægjandi. En frumvarpið til breytingar á löggjöfinni fór í gegnum fyrstu umræðu á Alþingi í apríl síðastliðnum, meirihluti þingmanna samþykkti að senda það til annarrar umræðu og því var það lagt fyrir Allsherjarþing til umsagnar. Þar sem ekki gafst tími til að afgreiða það þá mun það verða tekið fyrir í september. Til þess að skilja þessi brot nánar verður farið í gegnum ýmsar staðreyndir er varða þau á Íslandi. Til þess að rannsaka hvað felst í fyrirhuguðum breytingum verður litið til þeirra þróunar sem hefur verið á kynferðisbrotalöggjöfinni í gegnum tíðina. Farið verður í ákvæðin eins og þau eru í dag, þau skoðuð með tilliti til dómaframkvæmdar og borin saman að einhverju leyti. Sérstök áhersla verður lögð á þá þætti sem koma til með að breytast samkvæmt hinu nýtilkomna frumvarpi. Litið verður til þeirrar þróunar sem orðið hefur í nálægum löndum og gerð grein fyrir helstu skuldbindingum Íslands í þessum málum. Þá verður farið í tildrög frumvarpsins og þær breytingar á ákvæðunum sem í því felast. Ákvæðin samkvæmt frumvarpinu verða skoðuð ítarlega og farið verður í þá þætti sem frumvarpinu er ætlað að breyta. Tekin verða fyrir álit nokkurra aðila á breytingunum og að lokum komist að niðurstöðu um það hvort breytingarnar séu nægjanlegar.

## Abstract

In this essay it will be explored if intended changes on article 194.-196. of the Icelandic penal code will satisfy the demands that are made to a modern legislation. The bill that contained the changes went through the first discussion in April, where the majority of congress accepted to take it to the second discussion, it was therefore sent to the general committee for dictum. As there wasn't enough time to complete the discussions the bill will be represented for congress in September. Statistic regarding sexual offences in Iceland will be demonstrated. To be able to understand the alteration concluded in the intended revision of the articles the development of the legislation regarding sexual offences in Iceland will be covered. Current articles will be analysed with emphasis on the factors that the intended revision is meant to change. In that part precedents will be inspected and to some extent compared with emphasis on the elements which are the centre of gravity in the new bill as well as looking at legislation in other countries. The prelude of the bill will be explicated as well as the revision of the articles. Then the intended articles in the bill will be explored with regards to the main factors that they are meant to change. As one of the main emphasis of the revision is to move the centre of gravity in sexual offences from the method used to violate the person sexually to the sexual offence itself we will cover that specially. To examine how well the aims that the bill was supposed to conclude were reached opinions of some scholars will be viewed before we come to an conclusion.

---

<sup>1</sup> Hér eftir skammstafað hgl.